

og þeir, sem sekir eru, verða að líða fyrir þær endalausar þrautir í logandi kvöllum Helvítis!

En með þessum aflausnarbrésum fáið þér, á hvaða æfistund sem er, uppgjöf allra ressinga er á yður eru lagðar, í öllum sökum, að þeim fjórum undanskylđum er páfinn einn fær veitt. Þessvegna, alla yðar æfina út, hvenær sem þér viljið játa ávirðingar yðar, þá öðlist þér aflausn syndanna, nema í þeim fjórum sökum sem páfinn einn fær fyrirgefis, og á síðan, á dauðastundinni, fulla fyrirgefningu allrar yðar syndasektar, og hluttekningu allrar andlegrar selen, sem til er innan stríðskyrkjunnar, á öllum stigum.

Eða vitið þér ekki, ef maður þarf að fara til Róm, eða takast aðra hættulega ferð á hendur, þá fer hann með peninga sína til víxlarans og borgar víxillaun — fimm eða sex eða tíu af hundruði, — til þess að í Róm eða öðrum stöðum, að með víxli heimti hann peninga sína astur? Munduð þér þá ekki með einum fjórða úr florin vilja öðlast þessi bréf, svo þér getið flutt, ekki peninga yðar, heldur yðar guddómlegu ódaudlegu sál, heilu og höldnu inn á land Paradísar.

Þessvegna ráðlegg eg, skipa og á ábyrgð mína, sem sauðahirðir, býð eg, að þeir, ásamt með mér og öðrum prestum, taki á móti þessum dýrmæta fjársjóði, og sérstaklega þeir, sem ekki hafa skriftast á hinni heilögu Minningarhátið, svo að þeir fái einnig öðlast fyrirgefninguna. Sá tími getur komið að þér munuð óska eftir, en ekki öðlast hinn minnsta hluta náðarinnar.

Ennfremur kunngjöri eg í umbodi SS.D.N. páfans, þess allrahelgasta páfadæmis og þess allra tilbeïðsluverðasta umboðsmanns míns — þeim hverjum og einum, sem hagnýtt sér hafa bina heilögu Minningarhátið og tekið aflausn, ennfremur öllum þeim er hagnýta sér þetta stundar tilboð vort og lagt hafa hönd að því að reisa hið áður nefnda bú hins Æðsta Postula (*b. c. Péturskyrkjan í Róm.*), þí verða þeir allir hlutakandi, og aðnjótandi allra bæna, veitinga, ölmusa, fasta, ákalla, messa, helgitíða, síðaskipa, pílagrímsferða, páfastada, blessana og annara andlegra gæða, sem nú eru til eða verða til um aldur og æfi innan stríðskyrkjunnar. Og í öllu þessu, ekki